



## Fundargerð kynningarfundur

<b>Heiti og númer verkefnis:</b>	Niðurstöður hugmyndaleitar fyrir Þ5 Nýja Skerjafjörð	
<b>Dagsetning:</b>	2. nóvember 2017	
<b>Mættir frá Reykjavíkurborg</b>	Dagur B. Eggertsson, Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn R. Hermannsson Halldóra Hrólfsdóttir ritar fundargerð, Gunnar Hersveinn var fundarstjóri.	
Nr.	Dagskrárliður	Tími
1	Gunnar Hersveinn, fundarstjóri býður fundargesti velkomna	17:06
1	Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri opnar fundinn.	17:09
2	Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, forsendur og næstu skref.	17:16
3	Páll Gunnlaugsson, arkitekt hjá ASK arkitektum kynnir vinningstillöguna.	17:27
4	Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri fer yfir samgöngumál á svæðinu.	17:53
5	Spurningar og svör	17:58
	<b>Athugasemdir</b>	<b>Svör</b>
6	Ívar Pálsson, íbúi í Skerjafirði Sér að verið er að byggja eins og flugvöllurinn fari og þrefalda byggð í Skerjafirði. Hvernig er hægt að byggja þannig að gert er ráð fyrir að flugvöllurinn fari án þess að það liggja fyrir hvort og hvenær hann fari.	Dagur B. Eggertsson Ekki nauðsynleg forsenda að flugvöllurinn fari til þess að hægt sé að byggja á svæðinu.
7	Gréta Björg Egilsdóttir, Prýðisfélagið Skjöldur Hafa miklar áhyggjur af því að byggðin breytist. Margfölduð umferð um Einarsnes, ekki síst þegar að framkvæmdir eru í gangi.	Þorsteinn R. Hermannsson Hvað varðar umferð meðan á framkvæmdum stendur þá þarf að skoða það betur við gerð rammaskipulags og í skipulagi uppbyggingar. Vitum ekki hversu mikið verður um uppgröft, t.d. bílakjallara. Hrólfur Jónsson Mögulega væri hægt að koma með efni til uppbyggingar og flytja burt efni frá sjó.
8	Halldórsson Spyr hversu margir mættu á fundinn með strætó.	Fáir en margir komu fótgangandi.

Ritað: Halldóra Hrólfsdóttir

Fundi lokið 18:12